

Efni: Fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingar**Félagslegar íbúðir:****1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar eru þær á hverja þúsund íbúa bæjarfélagsins?**

Þann 1. febrúar sl. var Hafnarfjarðarbær með 272 íbúðir í félagslega kerfinu, þ.e. 262 íbúðir í eigu sveitarfélagsins, 3 íbúðir framleigðar, 5 íbúðir leigðar af ÍLS og 2 íbúðir leigðar af Skarðshlíð íbúðarfélagi. Mannfjöldinn í Hafnarfirði er 30.000 íbúar. Í dag er hlutfallið 9,1 íbúðir / 1000 íbúa, þegar tekið er með 8 eignir sem eru framleigðar og frá ÍLS.

2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?

Í dag eru 93 umsóknir á biðlista. Það eru einkum einstaklingar sem óska eftir tveggja herbergja íbúð en fjölskyldur sem sækja um stærri íbúðir eftir fjölskyldustærð. Hér er fjöldi umsókna á biðlista eftir íbúðarstærð.

Stærð íbúðar	2. herb.	3. herb.	4. herb.	5. herb.
Fjöldi á biðlista	64	17	9	3

a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?

Hér er yfirlit yfir mat á umsóknum eftir félagslegu leiguhúsnæði. Þeir sem teljast í brýnni þörf ná 8-10 stigum á biðlista eða 40 umsóknir.

Stigafjöldi	10	9	8	7	6	5	4	3
Fjöldi umsókna	4	15	21	21	24	4	2	2

b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

Á árinu 2020 voru sjö leigjendur hjá sveitarfélaginu fluttir í ýmist stærra eða minna leiguhúsnæði, til að mæta breyttri fjölskyldustærð. Fáar íbúðir hafa verið keyptar á árinu og því hefur meðalbiðtíminn lengst.

Stærð íbúðar	Biðtími í mánuðum
2. herb.	43
3. herb.	30
4. herb.	24

5. herb.	90
----------	----

3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2017, 2018, 2019 og 2020?

Árið	Heildarfjöldi	2. herb.	3. herb.	4. herb.
2017	7	6	1	0
2018	14	8	4	2
2019	7	6	0	1
2020	3	2	1	0

Hafnarfirði, 23. febrúar 2021

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri